

3. Bolungarvík og Ísafjörður, nefnd skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Ísafjarðarbær og Bolungarvíkurkaupstaður. Ísafjarðarbær skal eiga tvo fulltrúa og Bolungarvíkurkaupstaður einn.
4. Súðavíkurhreppur, nefnd skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Súðavíkurhreppur.
5. Hólmavík, nefnd skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur og Broddaneshreppur. Hólmavíkurhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn en hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 15. tl. 6. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 12. september 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

19. september 1997

Nr. 557

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 381/1994, um bifreiðagjald,
með breytingu skv. reglugerð nr. 642/1996.**

1. gr.

a-liður 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Bifreiðar í eigu þeirra, sem njóta örorkustyrks, örorkubóta, bensínstyrks eða umönnunarbóta og -greiðslna vegna örorku barna frá Tryggingastofnun ríkisins. Jafnframt eiga þeir öryrkjar sem notið hafa niðurfellingar skv. 1. málsl. rétt á niðurfellingu ef þeir hafa öðlast rétt til ellilífeyrisgreiðslna eða dveljast á stofnun, sbr. 43. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar. Réttur til niðurfellingar bifreiðagjalds vegna þeirra sem njóta örorkustyrks, örorkubóta eða bensínstyrks er bundinn því skilyrði að bóta- eða styrkhafi sé annað hvort skráður eigandi í ökutækjaskrá eða skráður umráðamaður í ökutækjaskrá samkvæmt eignarleigusamningi. Réttur til niðurfellingar bifreiðagjalds af bifreiðum í eigu þeirra sem fá greiddar umönnunarbætur eða -greiðslur vegna örorku barna nær til einnar bifreiðar og er bundinn því skilyrði að skráður eigandi bifreiðar samkvæmt ökutækjaskrá fari með forsjá barnsins. Óheimilt er að fella niður bifreiðagjald af bifreiðum sem eru yfir 3.500 kg að eigin þyngd og nýttar eru í atvinnurekstri. Ef sá sem á rétt á niðurfellingu bifreiðagjalds á fleiri en eina bifreið skal bifreiðagjald fellt niður af þeirri bifreið sem er þyngst.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 19. september 1997.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Bergþór Magnússon.